

**7. fundur stjórnar AP**, starfsárið 2008-2009,  
haldinn í Kjarna í Reykjadal, 13. febrúar 2009, kl.14:00.

Mættir: Björn Ingimarsson, formaður sem stjórnaði fundi, Aðalsteinn Á. Baldursson, Birna Björnsdóttir, Pétur Snæbjörnsson og Sigurgeir Höskuldsson. Enn fremur sátu fundinn starfsmenn félagsins, Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri og Gunnar Jóhannesson sem ritaði fundargerð. Tryggvi Harðarson, sveitarstjóri Þingeyjarsveitar, sat fundinn undir liðum 1-2.

- 1. Fundargerð** síðasta fundar – samþykkt með undirritun þeirra sem á fundinum höfðu verið.
- 2. Innlegg heimamanna.** Tryggvi Harðarson, sveitarstjóri Þingeyjarsveitar, fór yfir ýmis mál sem tengjast Þingeyjarsveit. Hann sat daginn áður fund um ferðatengd verkefni í sveitarfélaginu en þar komu fram áhugaverðar og góðar upplýsingar um ýmis verkefni sem AP hefur verið að vinna að með aðilum í sveitarfélaginu. Tryggvi fór vel yfir ýmsa þætti í sambandi við nýtingu orkuaudlinda á Þeistareykjum, stöðu mála og hugsanleg tækifæri, m.a. út frá upplýsingum og umræðu á hádegisfundi á Húsavík fyrr um daginn. Reinhard og Gunnar fóru stuttlega yfir nokkur verkefni sem AP kemur að og tengjast Þingeyjarsveit. Nokkur umræða varð um þessi mál. Enn fremur um hlutverk atvinnuþróunarfélagsins og mikilvægi þess, ekki hvað síst í stærri verkefnum þar sem heildarsýn svæðis og samtakamáttur (samstarf) er mikilvægur.
- 3. Samningur við Mývatnsstofu um yfirtöku rekstrar- og fjárhagsábyrgðar á jólasveinaverkefninu.** Fyrir liggur undirritaður samningur milli AP og Mývatnsstofu ehf um yfirfærslu umsjónar og rekstrar á verkefni um jólasveina í Dimmuborgum til Mývatnsstofu ehf. Engar athugasemdir komu fram og samningur staðfestur. Starfsfólki AP þakkað gott starf við þetta stóra verkefni á undanförunum árum.
- 4. Samningur við iðnaðarráðuneytið v/ eigna Kísilgúrsjóðs – staða mála.** Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu málsins. Enn hefur ekki tekist að ná fram ásættanlegum samningsdrögum til undirritunar. Vonast er til að það takist loksins í þessum mánuði. Formaður og framkvæmdastjóri fylgja málinu eftir í samræmi við umræðu á fundinum.
- 5. Samningur við IMPRU v/ verkefni í heilsutengdri ferðaþjónustu – staða mála.** Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu málsins, viðræður hafa farið fram um útfærslu slíks samnings. Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir í samræmi við umræðu á fundinum.
- 6. Skipan í samráðshóp sjálfbærni-verkefnis (staðfesting á rafrænni afgreiðslu).** Stjórnin staðfestir ákvörðun sem tekin var með tölvupóstum um skipan Reinharðs Reynissonar, framkvæmdastjóra félagsins sem fulltrúa AP í samráðshóp sjálfbærni-verkefnis. Reinhard fór stuttlega yfir málið en fyrsti fundur hópsins var fyrr í vikunni.
- 7. Ferð til Japans á vegum Útflutningsráðs og Ferðamálastofu.** Framkvæmdastjóri fór yfir áform um þátttöku fulltrúa félagsins í ferð viðskiptasendinefndar á vegum utanríkisráðuneytisins, sendiráðs Íslands í Tókýó, Útflutningsráðs, Ferðamálastofu og Fjárfestingarstofu til Japan. Ýmsir aðilar koma að verkefninu með kostun en hvatinn að verkefninu er frá atvinnulífinu. Talsverð umræða varð um málið einkum út frá forgangsriðun verkefna, kostnaði og markmiðum um ávinning. Einstakir stjórnarmenn gerðu athugasemdir við áformin en stjórnin fellst á þau eins og þau voru kynnt á fundinum.
- 8. Rekstraráætlun 2009.** Framkvæmdastjóri fór yfir forsendur fyrir endurskoðaðri fjárhagsáætlun AP eins og hún lá fyrir fundinum. Umræða varð um nokkra liði, einkum samstarfssamninga og forsendur sérverkefna. Það kom einnig fram að breytinga er að vænta á skrifstofuaðstöðu félagsins í tengslum við breytingar á Garðarsbraut 5 m.a. þar sem Impru er að fara að setja upp aðstöðu fyrir tvo starfsmenn í nábýli við AP. Nokkur óvissuatriði eru í áætluninni m.a. vegna

samstarfssamninga um sérverkefni, og brugðist verður við ef nýjar upplýsingar koma fram sem hafa veruleg áhrif á forsendur hennar. Stjórnin samþykkir fyrirbyggjandi rekstraráætlun.

- 9. Aðgerða- og fjárhagsáætlun VAXNA 2009.** Framkvæmdastjóri fór yfir drög að rekstraráætlun fyrir vaxtarsamninginn, þ.m.t. áætlanir fyrir klasa- og sérverkefni sem nutu framlaga á síðasta ári. Eftir er að ljúka greinargerð vegna 2008 og aðgerða- og fjárhagsáætlun 2009 í framhaldi af ábendingum ráðuneytis, en viðkomandi gögn eru forsenda greiðslna samkvæmt samningnum. Rætt var um úthlutunarreglur VAXNA í ljósi reynslu úr umsóknarferli síðasta árs, m.a. kröfu um formlega klasa eða samstarfsverkefni. Ákveðið að halda fund fljótlega, eða þegar afgreiðsla ráðuneytisins á framangreindum gögnum liggur fyrir og afgreiða þar áætlunina og ákveða með umsóknarferli og úthlutunarreglur.

## 10. Önnur mál

- a. Framkvæmdastjóri fór yfir hugmynd um stofnun einkahlutafélags í eigu félagsins til að halda sérstaklega utan um kynningar- og markaðsverkefni sem félagið stendur fyrir eða vinnur að í samstarfi við fleiri. Tilgangurinn væri að þróa verkefnið áfram og byggja áfram á þeirri vinnu sem félagið hefur staðið fyrir á undanförunum árum, en stuðla jafnframt að því að koma verkefninu úr eigu og umsjón AP þegar aðstæður leyfa. Stjórnin samþykkir þessa hugmynd og felur framkvæmdastjóra að vinna að málinu.
- b. Framkvæmdastjóri lagði fram verðskrá vegna sölu á kortum, auglýsingum og myndanotkun. Verðskráin staðfest eftir að ein breyting hafði verið gerð.
- c. Rætt um upplýsingamiðstöðvar og samstarfsfélög í ferðaþjónustu. Mikilvægt að til sé skipulag á öllu starfssvæðinu sem er nægilega burðugt til að takast á við ýmis svæðisbundin verkefni og komi einnig að sameiginlegum málum héraðsins t.d. kynningum og markaðssetningu. Mývatnsstofa ehf er dæmi um gott módel sem byggt er á forsendum atvinnulífsins og æskilegt að skoða á fleiri svæðum. Fyrirhugað er að AP hafi frumkvæði að samstarfi og samhæfingu upplýsingamiðstöðva.
- d. Birna ræddi um samgöngumál í ljósi óvissu um hvort stjórnvöld ætli að standa við áform um nýjan veg til Raufarhafnar sem hluta af framkvæmdum við Hólaheiðarveg um Hófaskarð. Hér er um gríðarlegt hagsmunamál að ræða fyrir íbúana en ekki síður vegna nýrra viðskiptatækifæra og nýsköpunar á svæðinu sem nýr vegur mun leiða af sér. Verði ekki staðið við að leggja strax "afleggjara" til Raufarhafnar frá Hólaheiðarvegi, verður staða Raufarhafnar mun verri samgöngulega en hún þó er í dag og Hólaheiðarvegur þannig í raun ógagn fyrir Raufarhöfn. Stjórnin samþykkir eftirfarandi ályktun.

*Stjórn Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga skorar á samgönguráðherra og þingmenn Norðausturkjördæmis að standa vörð um samþykta framkvæmd nýs vegar til Raufarhafnar sem er tvímælaust hluti af framkvæmdum við Hólaheiðarveg um Hófaskarð. Verði ekki staðið við að ljúka tengingunni til Raufarhafnar eins og áætlanir hafa gert ráð fyrir er verið að rýra samgöngulega stöðu staðarins frá því sem hún þó er í dag.*

*Á undanförunum árum hefur verið unnið að ýmsum verkefnum á þessu svæði sem m.a. eiga að stuðla að nýjum tækifærum á Raufarhöfn, nýsköpun og verðmætaaukningu fyrir atvinnulífið og þar með bættum búsetuskilyrðum á svæðinu. Til að árangur náist, og þessi vinna verði til einhvers gagns, er nauðsynlegt að tryggja að samgöngubætur verði í samræmi við samþykta áætlun og að framkvæmdir við Raufarhafnarlegg Hólaheiðarvegur hefjist sem fyrst og verði lokið á þessu ári. Vegasamgöngur á svæðinu snúast ekki einungis um íbúabyggðina eins og hún er í dag heldur verður vegurinn lífæð nýrra viðskiptatækifæra og þar með tækifæra til að snúa vörn í sókn og efla byggðina.*

Næsti stjórnarfundur verður ákveðinn síðar.  
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00.